

Alþingi

Erindi nr. D 112 / 824

komudagur 04/04 1990
Alþingi, 4.4.1990

Til formanna sjávarútvegsnefnda
Ed. og Nd. Alþingis.

Við undirrituð förum þess á leit að eftirfarandi álitæfni í frv. um stjórn fiskveiða, 352 mál Ed., þskj. 609, verði borið undir Lagastofnun Háskóla Íslands og óskað verði eftir umsögn stofnunarinnar um þá þætti frumvarpsins.

Í frv. þessa, sem samið er á vegum sjávarútvegsráðherra og lagt fram af honum, er gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða með reglugerð þann heildarafla, sem veiða má úr nytjastofnum við landið sbr. 3. gr. Einnig er í 4 til 8. gr. (incl) frv. gert ráð fyrir því að ráðherra úthluti veiðiheimildum til einstakra skipa og skipti þar með öllum þeim afla, sem hann hefur ákveðið að veiða megi við landið, og ákveði einnig veiðarfæri og veiðiheimildir ákveðinna skipagerða.

Með tilliti til þess gífurlega valds, sem sjávarútvegsráðherra fær verði framangreint frv. að lögum, eru spurningar okkar um álitæfni í frv. eftirfarandi:

Er eðlilegt með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem almennt gilda gagnvart réttaröryggi einstaklinga og eða fyrirtækja í þróuðum réttarríkjum, að ráðherra sé svo sem síðar greinir í frv., einnig veitt vald til þess að hafa sjálfur með höndum allt eftirlit með framkvæmd laganna sbr. 17. gr. frv.?

Er eðlilegt að ráðherra fái nánast skattlagningarheimild sbr. 18.gr. frv. til þess að kosta það eftirlit, sem hann ákveður skv. 17.gr.frv.?


Er eðlilegt að í 20. gr. frv. sé ráðherra heimilt að beita lögum nr. 32, 19. maí 1976, vegna brota á lögum þessum, þannig að ráðherra fær með því ákvæði frv., auk rannsóknarvaldsins, sem felst í eftirlitsheimildinni, heimild til þess að leggja á meinta brotaaðila refstitengd viðurlög?


Er ekki eðlilegt í þessu sambandi að það hljóti að koma til skoðunar þau nýju sjónarmið réttarverndar, sem felast í nýlega gengnum dómum Hæstaréttar, þar sem reynt hefur á gildi 6. gr. 1. mgr. Evrópráðsáamnings um verndun mannréttinda, sbr. auglýsingu nr. 11/1954?

Þá óskast umsögn Lagastofnunar á því atriði frv. sbr. 1. gr. þess um sameign íslensku þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum, hvort tímabundinn og takmarkaður afnotaréttur fiskistofna myndi aldrei einstaklingsbundna og stjórnarskrárvarða eign og hvort það að væntanleg lög verði ótímabundin myndi ekki frekar neinn framtíðar eignarrétt.

Framanritað bréf óskast sent Lagastofnun Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,


Steingrímur Þorvaldsson
Jónas A. Jónsson


Kauli Pásson
Barnfréttur Skapstíðindóttir
Rudolfur Jónsson
Svein Gunnarsson
Pálvaldur Pálvaldsson
Kristinn Pétursson